

Nd. **1018. Breytingartillögur** [442. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. l. nr. 77/1985.

Frá Halldóri Blöndal, Friðrik Sophussyni, Stefáni Valgeirssyni,
Stefáni Guðmundssyni og Eggert Haukdal.

1. Við bætist ný grein sem verði 1. gr., svohljóðandi:
 1. másl. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:
Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, *húsnæðismálastjórn*, skipa 10 menn, sjö kjörnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum alþingiskosningum, tveir skipaðir af félagsmálaráðherra eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einn eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands.
2. Við 2. gr.
 - a. Við 4. mgr.
Í stað orðsins „lágmarkslánsrétt“ í 3. másl. komi: hámarkslánsrétt.
 - b. Við 7. mgr.
Í stað orðanna „enda fylgi lánið að fullu breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar“ í síðari másl. komi: enda fylgi lánið eða lánshlutarnir að fullu breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar.
 - c. 9. mgr. orðist svo:
Lán til sama umsækjanda skv. 13., 14. og 25. gr. laga þessara skal ekki veita oftar en á fimm ára fresti að jafnaði.
3. Við 8. gr. Í stað orðanna „skv. a-lið 13. gr.“ í 1. másl. komi: skv. b-lið 13. gr.
4. Við 10. gr. Í stað orðanna „allt að 70% af viðbótarbyggingarkostnaði“ í a-lið komi: allt að 80% af viðbótarbyggingarkostnaði.
5. Við 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða. Í stað orðanna „1. janúar 1985“ í fyrri másl. komi: 1. september 1985.